

Íslenski hjarta- og lungnaþeginn í London:

Sat í stól kátur og hress

Það þarf viljastyrk til að þola svona aðgerð, en við megum ekki gleyma að þakka þeim sem öllu ræður, segir móðir hans

FORELDRAR Halldórs Halldórssonar, sem verið hefur í einangrun á Old Court Hospital í London eftir að skipt var um hjarta og lungu, fengu að dvelja með syni sínum stutta stund í gærmorgun. Í dag stendur til að flytja hann á Herfield sjúkrahúsið en þar verður hann í endurhæfingu næstu mánuði.

„Hann sat í stól og var svo hress og kátur þessa stund sem við vorum hjá honum,“ sagði Guðbjörg Aðalheiður Guðmundsdóttir, móðir Halldórs. „Þetta er kraftaverk eins og við sögðum við hann. Við megum ekki gleyma að þakka þeim sem öllu ræður hvað allt hefur gengið vel. Halldóri liður auðvitað ekki alltaf vel þegar hann þarf að reyna á sig í æfingunum, en hann er ótrúlega duglegur. Þabbi hans hafði orð á því við hann að kannski væri ekki langt þar til þeir færu að hlaupa saman og hann svaraði að bragði, „Já það skulum við gera.“ Þeir sem lenda í svona aðgerð þurfa að vera óskaplega viljasterkir til að geta þolað þessa miklu áreynslu á líkamann.“

Guðbjörg sagði að Halldór hefði verið það hress að systir hans og mágur hefðu einnig fengið að sitja hjá honum um stund. Hann lék á als oddi og gat ekki varist hlátri þegar hann sá hvernig þau voru útbúin í hlífðarfötum og með grímur fyrir andlitinu.

Þessu er ekki lokið

„Þetta hefur verið óskaplega erfiður tími og þessu er alls ekki lokið. Nú tekur endurhæfingin við en hann er þegar byrjaður í æfingum,“ sagði Guðbjörg. „Við vissum alltaf að þetta yrði erfið, það var

búið að segja okkur frá því áður en það tekur á að horfa á hann líða. Hann er óskaplega duglegur.“

Prófessor Yacoub, sem skar hann er yndislegur maður. Hann kom fram til okkar þegar þessu var lokið og var svo rólegur að ekki var hægt að sjá að hann væri að koma úr stórrí aðgerð. Tók í hendur okkar og talaði rólega til okkar. Hann hefur reyndar oft komið til okkar og Halldórs þennan tíma sem við höfum beðið þrátt fyrir annrikið. Hann er viðurkenndur um allan heim og hingað koma sjúklingar alls staðar að.

Hundurinn haggðist ekki

Í þessum erfiðleikum hafa margir orðið til að rétta okkur hjálparhönd og veita styrk, ekki síst börnin okkar sjö og tengdabörn. Þau hafa staðið með okkur eins og klettur. Litli bróðir hans er með hundinn hans og á meðan dregurinn var í aðgerðinni, lagðist hann niður og hreyfði sig ekki. Dóttir mín sem er með heimilið fyrir mig, reyndi mikið til að fá hundinn til að rísa upp, en hann haggðist ekki þrátt fyrir að fullt af fólki kæmi í heimsókn sem hann annars flaðrar upp um. Dóttir mín fór meira að segja út í búið og keypti handa honum harðfisk sem honum þykir svo góður en hann



Ásgeir Halldórsson, bróðir Halldórs með hundinn hans Perró.

Dr. Magdi Yacoub:

Þekktasti hjarta-skurðlæknir Bretana

DOKTOR Magdi Yacoub sem framkvæmdi aðgerðina á Halldóri Halldórssyni í vikunni er þekktasti og einn færasti hjartaskurðlæknir Bretlands. Hann er 51 árs gamall, fæddur í Egyptalandi en sótti menntun sína til Bretlands. Dr. Yacoub og samstarfsmenn hans við Harefield sjúkrahúsið í noðurhluta Lundúna hafa framkvæmt rúmlega 150 hjartaflutninga og meira en þrjátíu hjarta- og lungnaflutninga.

Yacoub er geðþekkur og vinnusamur skurðlæknir sem stuðlað hefur að hversu farsælir hjartaflutningar í Bretlandi hafa verið. Í níu af hverjum tíu tilvikum hafa aðgerðir hans heppnast. Hann er þekktur fyrir að vera reiðubúinn dag og nótt ef starfið kallar. Árið 1986 fékk hann prófessorsnafnbót í hjarta- og öndunarferaskurð-

lækningum við Brompton sjúkrahúsið í London. Rannsóknarstarfið sem því fylgir olli því að hann lækkaði í launum en Yacoub segir það ekki skipta máli, „ég geri það sem hugur minn stendur til“.


Yacoub vinnur einkum með börn og varð fyrstur til að framkvæma aðgerð á hvítvöðungum sem fæddir eru með viðsnúnar slagæðar.

hreyfði sig ekki. Það var ekki fyrr en klukkan 11, að hann reis upp og dinglaði rófunni, eða um leið og prófessor Yacoub hafði lokið við aðgerðina. Þá varð dóttur minni að orði, „Nú vitum við að allt hefur gengið vel með Halldór.“ Svona eru dýrin gáfuð.

Það er einhver sem stjórnar þessu

Við höfum beðið til guðs frá því drengurinn var lítill, að lifa þann dag þegar tækninni hefði fleygði svo fram að hægt yrði að hjálpa honum. Við höfum verið bænheyrð að minnsta kosti ennþá, hvað svo sem tekur við. Ég trú þvi að Halldór hefði ekki náð svona langt ef ekki væri fyrir tilstilli bænarninnar. Það er einhver sem stjórnar þessu.

Þetta er búið að vera erfiðt allt frá því hann fór í fyrstu aðgerðina til Bandaríkjanna, 2ja ára, fyrir tilstilli Björns Júlíussonar barnalæknis, sem reyndist okkur yndislega vel. Allt okkar líf í 24 ár hefur verið bið eftir að eitthvað væri hægt að gera fyrir hann, því hann hefur alltaf þráð að lifa eins og allt lífsglatt, ungt fólk.“



Dr. Magdi Yacoub

AP

Komið er með börn víðs vegar að úr heiminum til að leita þeim lækninga hjá dr. Yacoub.

Listamannalaun 1988:

99 listamenn fá 68 þúsund hver

Fjölgað um einn frá fyrra ári

ÚTHLUTUNARNEFND listamannalauna hefur lokið úthlutun fyrir árið 1988. Nefndin hafði 6.732.000 krónur til ráðstöfunar. Sakmæmt lögum er nú aðeins einn flokkur listamannalauna. Nefndin varð sammála um að þann flokk fylltu þeir sem sæti áttu í efra flokki listamannalauna á árinu 1987 og fært yrði að bæta við 8 nýjum mönnum.

Þeir listamenn eru: Ásgerður Ester Búadóttir myndlistarmaður, Áskell Másson tónskáld, Hjalmar H. Ragnarsson tónskáld, Hrólfur Sigurðsson listmálari, Nína Björk Árnadóttir rithöfundur, Vigdís Grímsdóttir rithöfundur, Þórunn Elfa Magnúsdóttir rithöfundur og Þuríður Guðmundsdóttir skáld.

Á árinu fengu 92 menn 58 þúsund krónur hver. Einn þeirra, Alfreð Flóki, er látinn. Því hljóta nú 99 menn 68 þúsund krónur hver.

Í úthlutunarnefnd listamannalauna eiga nú sæti: Bolli Gústafsson sóknarprestur, formaður; Jón R. Hjalmarsson fræðslustjóri, ritari; Magnús Þórðarson framkvæmdastjóri, Bessi Jóhannsdóttir kennari, Gunnar Stefánsson dagskrárfulltrúi, Sölvi Óskarsson kaupmaður og Soffía Guðmundsdóttir tónlistarkennari.

Á fundi þar sem tilkynnt var hverjir hlýtu listamannalaun, kom fram í máli Bolla Gústafssonar að nefndarmenn eru sammála um að löngu tímabært sé að taka gildandi reglur um þetta efni til endurskoðunar. Átt nefndarmenn fund með Birgi Ísleifi Gunnarssyni menntamálaráðherra um málið og að sögn Bolla kom fram að ráðherra er sammála því álit nefndarinnar að ekki megi draga lengur að setja nýja reglugerð.

„Talið er að nú vinni 1.800 manns

við myndlist hérlendis og trúlegt er að 4-5.000 manns telji sig vera gjaldgenga í þann hóp sem hlýtur listamannalaun,“ sagði Magnús Þórðarson framkvæmdastjóri, einn nefndarmanna. „Listamönnum fjölga á ár frá ári og ramminn sem nefndinni er ætlað að starfa eftir er löngu sprunginn.“

Nefndarmenn hreyfðu þeirri hugmynd að tímabært væri að koma á fót Lífeyrissjóði listamanna þar sem listamenn nyttu nú engna lífeyrissjóða. Sæi þess stað í því að margir þeir sem hlýtu nú listamannalaun væru komnir á eftirlaunaaldur og sumir væru hættir að vinna að list sinni.

Að þessu sinni hljóta eftirtaldir 99 listamenn 68 þúsund krónur hver: Agnar Þórðarson, Atli Heimir Sveinsson, Ágúst Petersen, Ármann Kr. Einarsson, Árni Björnsson, Ásgerður Ester Búadóttir, Áskell Másson, Benedikt Gunnarsson, Bragi Ásgeirsson, Bragi Sigurjónsson, Einar Þorláksson, Eiríkur Smith, Elías B. Halldórsson, Eyþór Stefánsson, Gísli Halldórsson, Gísli Magnússon, Gísli Sigurðsson, Gréta Sigfúsdóttir, Guðbergur Bergsson, Guðmunda Andrésdóttir, Guðmundur L. Friðfinnsson, Guðmundur Frímann, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Ingi Kristjánsson, Guðrún Á. Símonar, Gunnar Dal, Gunnar Eyjólfsson, Gunnar M.

Magnúss, Hafliði Hallgrímsson, Hallgrímur Helgason, Hannes Sigfússon, Heiðrekur Guðmundsson, Helga Ingólfssdóttir, Helgi Sæmundsson, Herdís Þorvaldsdóttir, Hjalmar H. Ragnarsson, Hjörtur Pálsson, Hringur Jóhannesson, Hrólfur Sigurðsson, Hörður Ágústsson, Ingimar Erlendur Sigurðsson, Jakobína Sigurðardóttir, Jóhann Hjalmarsson, Jóhannes Geir, Jóhannes Helgi, Jóhannes Jóhannesson, Jón Ásgeirsson, Jón Björnsson, Jón Dan, Jón Óskar, Jón Þórarinnsson, Jónas Árna-

son, Jórunn Viðar, Karen Agnete Þórarinnsson, Karl Kvaran, Kjartan Guðjónsson, Kristinn Hallsson, Kristinn Rey, Kristján Albertsson, Kristján Davíðsson, Kristján frá Djúpaleik, Leifur Þórarinnsson, Nína Björk Árnadóttir, Oddur Björnsson, Ólöf Pálsdóttir, Óskar Aðalsteinn, Pétur Friðrik, Ragnar Kjartansson, Ragnheiður Jónsdóttir, Róbert Arnfinnsson, Rúrik Haraldsson, Rögnvaldur Sigurjónsson, Sigfús Daðason, Sigfús Halldórsson, Sigurður A. Magnússon, Sigurður

Pálsson, Sigurður Sigurðsson, Skúli Halldórsson, Stefán Hörður Grímsson, Stefán Júlíusson, Steinþór Sigurðsson, Svava Jakobsdóttir, Sveinn Björnsson, Thor Vilhjálmsson, Tryggvi Emilsson, Valtýr Pétursson, Veturliði Gunnarsson, Vésteinn Lúðvíksson, Vigdís Grímsdóttir, Vilborg Dagbjartsdóttir, Þorkell Sigurbjörnsson, Þorsteinn frá Hamri, Þorsteinn Ó. Stephensen, Þórunn Elfa Magnúsdóttir, Þuríður Guðmundsdóttir, Þuríður Pálsdóttir og Örlýgur Sigurðsson.

Formaður Sambands íslenskra ferðaskrifstofa:

Deilan stendur í raun um orðalag Greiðslukortafyrirtækin sammála segir Eurocard

„Ferðaskrifstofurnar eru alls ekki að segja 70% viðskiptavina sinna stríð á hendur, það er þá frekar Visa Ísland, sem hefur með þessu víðurkennt að korthafar eigi að bera kostnaðinn,“ segir Ingólfur Hjartarson, formaður Sambands íslenskra ferðaskrifstofa, um ummæli Einarssonar, framkvæmdastjóra Visa Íslands í Morgunblaðinu í gær. Ingólfur sagðist vænta þess að aðilar næðu saman þar sem ekki væri deilt um markmið heldur aðferðir og það hefði komið skýrt fram á fundi þeirra og Visa á fimmtudag.

Ingólfur sagði að með yfirlýsingu Visa Ísland væri fyrirtækið búið að víðurkenna að korthafar ættu að bera greiðslukostnað og þann fjármagnskostnað sem notkun þeirra hefði í för með sér. Ingólfur segir að í rauninni standi deilan um orðalag, báðir aðilar séu sammála um að korthafar eigi að bera kostnaðinn, spurningin sé hvort þeir sem staðgreiði fái afslátt eða korthafar greiði

aukakostnað. „Markmiðið með aðgerðum ferðaskrifstofa er fullkomlega víðurkennt af hálfu Visa, þeir eru eingöngu að setja út á þá leið sem var valin.“ Ef þeir ætla að rýra möguleika þessa hóps sem greiðir með greiðslukortum, þá er þetta mjög óeðlileg þjónusta við viðskiptavini.

Stjórn Kreditkorta hf. er fyllilega sammála Visa, að sögn Atla Arnar

Jónssonar, aðstoðarframkvæmdastjóra. „Við lítum á þessar aðgerðir sem brot á aðildarsamningi sem þessi fyrirtæki hafa gert við okkur. Þar kemur meðal annars að óheimilt sé, að sá sem greiði með korti greiði hærra verð en sá sem staðgreiði. Við teljum mun eðlilegra að þeir sem staðgreiði fái 5% staðgreiðsluafslátt, kostnaðinum sé velt út í verðlagið og síðan veittur afsláttur. Auglýst verð á að gilda fyrir alla, síðan má lækka það. Það er sama hvort menn fá staðgreiðsluafslátt eða greiði aukakostnað.“

Kortafyrirtækin eru fyllilega sammála og samstíga í þessu máli. Samningurinn mun að sjálfsögðu falla úr gildi ef ferðaskrifstofurnar halda fast við ákvörðun sína.“